

Nd.

487. Nefndarálit

[82. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Ég er sammála meiri hl. nefndarinnar hvað snertir veigamestu greinar frumvarpsins, 2., 3. og 4. gr., með þeim breytingum, sem meiri hl. nefndarinnar leggur til.

Hins vegar vil ég fella niður úr frv. 1. gr. þess, þar sem ég sé ekki ástæðu til að breyta 9. gr. laganna á þennan hátt. Það er skoðun mín, að aðstöðugjöldin séu óæskilegur tekjustofn fyrir sveitarfélögin og í mörgum tilfellum mjög ranglátur skattur. Það ætti að stefna að því, að þau verði lögð niður og sveitarfélögum fenginn annar tekjustofn í þeirra stað. Mér er ljóst, að á því getur orðið löng bið og á næstu árum verði að leggja á aðstöðugjöld, en hitt má ekki biða, að endurskoðun fari fram á ákvæðum aðstöðugjalda í tekjustofnalögum sveitarfélaga, sem miði að því að gera þau réttlátari í framkvæmd en nú er og þá alveg sérstaklega hvað snertir álagningu aðstöðugjalds á útgerð og fiskvinnslu.

Enn fremur vil ég fella niður 5. gr. frv., því að ég tel, að sama regla eigi að gilda í þessu tilviki um álagningu útsvars og gildir um álagningu tekjuskatts.

Samkvæmt framansögðu leyfi ég mér að flytja eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 30. marz 1968.

Matthías Bjarnason.